

Reykjadal, 1. mars 2007.

2. fundur Samstarfsnefndar um sameiningu Þingeyjarsveitar, Aðaldælahrepps og Skútustaðahrepps, haldinn í Kjarna kl:17:00.

Mættir voru: Hólmgeir Hermannsson, Bjarni Höskuldsson, Böðvar Pétursson, Ingunn Guðbjörnsdóttir varamaður fyrir Dagbjörtu Bjarnadóttur, Erlingur Teitsson og Ásvaldur Þormóðsson.

1. Formaður setti fund og kynnti niðurstöður starfs síns frá síðasta fundi. Kristján Halldórsson gaf ekki kost á sér til starfa fyrir nefndina, en Reinhard Reynisson er tilbúinn til viðræðna og er hann væntanlegur til fundarins. Reinhard mætti og voru málin reyfuð. Samþykkt að ráða Reinhard í 50% starf í fjóra mánuði frá 1. mars að telja, með framlengingar möguleika. Erlingi falið að ganga frá endanlegum samningi við Reinhard.
2. Lágmarks heimildir til sameiningar frá jöfnunarsjóði eru samkvæmt upplýsingum frá Elínu Pálsdóttur; Könnun á hagkvæmni sameiningar 1.200.000. Kynning á sameiningartillögu 1.136.000. Framkvæmd atkvæðagreiðslu 478.100. Samtals 2.814.700. kr.

Næsti fundur áætlaður í Kjarna mánudaginn 12 mars kl 10:00.

Fundi slitið kl 18:45.

Böðvar P.